

LÖG

um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætast fjórir nýir töluliðir, svohljóðandi:

- Þjónustusvæði er í lögum þessum svæði hafnar þar sem veitt er þjónusta og gjald tekið fyrir.
- Hafnarsvæði farþegaskipa er í lögum þessum það hafsvæði sem telst ekki til farsviða farþegaskipa. Það nær til ystu marka varanlegra hafnarmannvirkja, sem eru óaðskiljanlegur hluti hafnarinnar, eða til þeirra marka sem helgast af náttúrulegum landfræðilegum þáttum sem skýla vogum og víkum eða svipuðum skýldum svæðum.
- Hafnsögumaður er í lögum þessum leiðsögumaður sem fengið hefur skírteini til leiðsögu skipa um tiltekið hafnarsvæði.
- Hafnsöguskylða er í lögum þessum skylda til að hafa um borð hafnsögumann við siglingu skipa um tiltekið hafnarsvæði eða við tilteknar aðstæður.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- Við 1. tölul. 1. mgr. bætist: þ.m.t.:
 - skipulagssvæði á sjó skv. 1. mgr. 5. gr., sem telst jafnframt vera mengunarlögsaga hafnarsvæðis,
 - hafnsögusvæði,
 - þjónustusvæði,
 - hafnarsvæði farþegaskipa.
- Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó skulu afmörkuð með baughnitum.

3. gr.

Í stað orðanna „Samgöngustofa“ og „Samgöngustofu“ í 2., 3., 4. og 6. málsli. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Vegagerðin.

4. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur ný grein, 7. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Rafræn vöktun.

Stjórn hafnar er heimilt að viðhafa rafræna vöktun á hafnarsvæði eða taka myndir með reglulegu millibili í öryggisskyni. Henni er jafnframt heimilt að miðla rafrænt upplýsingum sem þannig er aflað til notenda hafna í rauntíma til að þeir geti fylgst með aðstæðum í höfnum. Þá er heimilt að miðla upplýsingum rafrænt til Vaktstöðvar siglinga vegna verkefna hennar og til lögreglu, Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu, tollgæslu Skattsins og rannsóknarnefndar samgönguslysa í tengslum við lögbundin verkefni þeirra. Ráðherra skal með reglugerð mæla fyrir um vinnslu persónuupplýsinga og skilyrði hennar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- Í stað orðsins „Samgöngustofa“ í 2. málsli. 1. mgr. kemur: Vegagerðin.
- Við 2. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Þeir aðilar sem annast fermingu og af-fermingu búlkaskipa skulu tilkynna Samgöngustofu um þá starfsemi.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul. 2. mgr. 17. gr. laganna:

- Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Eldisgjald af eldisfiski, þ.m.t. eldisseiðum, sem alinn hefur verið í sjókvíum eða ætlaður er til slíks eldis, sem umskipað er, lestaður er eða losaður í höfnum.
3. másl. orðast svo: Skipstjóra, útgerðarmanni, fiskeldisfyrirtæki og eiganda skips ber að greiða til hafnar gjöld skv. a-, c-, d-, e- og g-lið en móttakandi vöru sem kemur til hafnar og sendandi vöru sem flutt er úr höfn greiða gjöld skv. b-lið.

7. gr.

Á eftir 21. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 21. gr. a – 21. gr. c, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

- (21. gr. a.)

Aðgangsbann.

Samgöngustofu er heimilt að mæla fyrir um aðgangsbann skipa að höfnum sem hafa ítrekað gerst brotleg við reglur um hafnarríkiseftirlit, sætt farbanni þrisvar eða oftár eða eru frá ríkjum á svörtum eða gráum lista Parísarsamkomulagsins um hafnarríkiseftirlit frá 1982, með síðari breytingum. Stofnuninni er jafnframt heimilt að mæla fyrir um aðgangsbann til framkvæmdar á alþjóðlegum þvingunaraðgerðum. Samgöngustofu ber að upplýsa viðeigandi hafnaryfirvöld og Landhelgisgæslu Íslands um aðgangsbann skipa að höfnum.

- (21. gr. b.)

Hafnsaga skipa.

Hafnarstjórn er heimilt að mæla fyrir um hafnsögu og hafnsöguskyldu, sbr. þó 2. og 3. mgr.

Öll skip sem flytja hættulegan eða mengandi varning í farmrými eða á þilfari í meira magni en tiltekið er í reglugerð skulu hafa um borð hafnsögumann við siglingu um hafnarsvæði.

Skip sem leita hafnar vegna bráðrar hættu eða til að setja á land alvarlega sjúka menn eða slasaða eru undanþegin hafnsöguskyldu.

Hafnarstjórn er heimilt að veita skipstjóra skips undanþágu frá hafnsöguskyldu.

Hafnsögumenn eru starfsmenn hafna og ráðnir á ábyrgð hafnarstjórna.

Heimilt er að mæla nánar fyrir um hafnsögu og hafnsöguskyldu, undanþágu frá hafnsögu og skilyrði fyrir henni, skyldur og réttindi hafnsögumanna o.fl. í hafnarreglugerð.

c. (21. gr. c.)

Skírteini fyrir hafnsögumenn.

Samgöngustofa gefur út skírteini fyrir hafnsögumenn. Skírteinið gildir fyrir tiltekið svæði til allt að fimm ára í senn, þó aldrei lengur en til 70 ára aldurs skírteinishafa.

Sá sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum getur öðlast skírteini til að vera hafnsögumaður skipa:

- Er 25–69 ára að aldri.
- Hefur fullnægjandi heilbrigðisvottorð.
- Hefur lokið 2. stigs skipstjórnarnámi eða samsvarandi námi og hefur siglt sem skipstjóri eða stýrimaður á skipi um svæði sem tilgreint er á skírteininu og þekkir til hlítar siglingaleiðir á svæðinu.
- Hefur lokið námskeiði til að vera hafnsögumaður eftir því sem nánar segir í reglugerð. Skilyrðum skv. 2. mgr. verður einnig að vera fullnægt eftir að skírteinið hefur verið gefið út.

Samgöngustofu er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá skilyrðum skv. 3. mgr. þegar sérstaklega stendur á.

Ráðherra skal kveða nánar á um skírteinið í reglugerð.

8. gr.

Fyrirsögn VII. kafla laganna verður: **Móttökuskylda hafnar, aðgangsbann og hafnsaga.**

9. gr.

1. mgr. 27. gr. laganna orðast svo:

Notendum hafna er heimilt að kæra ákvarðanir hafnarstjórna samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sem varða rekstur hafna og gjaldtöku er tengist honum, til Samgöngustofu. Úrskurðir Samgöngustofu eru ekki kæránlegir til ráðherra.

10. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Eigendur hafna skulu senda ráðuneytinu endurskoðuð ákvæði í hafnarreglugerðum um stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó, með hliðsjón af viðmiðunum 1. mgr. 4. gr., eigi síðar en 1. janúar 2026.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi nema ákvæði 9. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2026.

12. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003:

4. og 5. tölul. 3. gr. laganna falla brott.
12. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.
- Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:
 - Í stað orðanna „leiðsögu- og hafnsögumenn“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: leiðsögumenn.
 - Í stað orðsins „skírteinin“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: skírteinið.
 - Orðin „hafnsögu- og“ tvívegis í 3. mgr. falla brott.
- Orðið „hafnsögu“ í 16. gr. laganna fellur brott.
- Fyrirsögn III. kafla laganna verður: **Leiðsaga.**

Gjört á Bessastöðum, 4. júlí 2024.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Svandís Svavarsdóttir.